



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið

2008090

## Minnisblað

Til bæjarstjóra, bæjarfulltrúa og fræðslunefndar um stöðu skólamála  
í Sveitarfélaginu Árborg.

### Grunnskólar

Staðan í grunnskólunum 13. ágúst 2020

#### **Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri**

Í júní voru nemendur BES 136 talsins en eru núna 135, fækkun um einn.  
Nemendur 1. bekkjar verða 9 talsins.

#### **Sunnulækjarskóli**

Staðan 13/8 kl 12:00 er sú að innritaðir nemendur í 1. bekk eru 52.  
Í 2. – 10. bekk eru innritaðir 30 nemendur sem ekki voru á fyrra skólaári og 16 eru brottfluttir í þeim árgöngum.  
Heildarfjöldi núna er 729 nemendur sem er 14 nemendum fleira en var á nemendaskrá 11. júní s.l.

#### **Vallaskóli**

Staðan 13/8 kl. 13:00 er sú að innritaðir nemendur í 1. bekk eru 55.  
Í 2. – 10. bekk eru innritaðir 37 nemendur sem ekki voru hér á fyrra skólaári og 8 eru brottfluttir í þeim árgöngum.  
Heildarfjöldi núna er 639 nemendur sem er 4 nemendum fleira en var á nemendaskrá 11. júní s.l.

**Nemendafjölgun í grunnskólum á Selfossi frá 11. júní sl. er samtals 18 nemendur eða u.þ.b. ein bekkjardeild.**

#### **Stofnun nýs grunnskóla í Björkurstykki**

Þrátt fyrir að byggingu á 1. áfanga hafi verið frestað um eitt ár þarf að stofna skólann og hefja kennslu í öðru húsnæði haustið 2021 fyrir 1.-4. bekk. Eignadeild er að vinna að þeim málum. Ráða þarf skólastjóra frá a.m.k 1. janúar 2021 sem tekur að sér að undirbúa stofnun skólans, m.a. að auglýsa og ráða starfsfólk, sjá um innkaup á búnaði o.fl. Gera þarf ráð fyrir að aðstoðarskólastjóri verði ráðinn frá 1. mars.



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið

## Leikskólar

### Staðan á biðlista leikskóla 13. ágúst 2020 er á þessa leið:

- Börn fædd 2015 - Öll börn með lögheimili í Árborg komin með leikskólapláss
- Börn fædd 2016 – eitt barn á biðlista eftir flutningi milli leikskóla
- Börn fædd 2017 – eitt barn á biðlista (það kýs að vera í leikskóla í Hveragerði þar til pláss losnar í þeim leikskólum í Árborg sem eru á umsókn barnsins)
- Börn fædd 2018 – sjö börn á biðlist þar af þrjú að biðja um flutning milli leikskóla, hin fjögur eru öll með nýjar umsóknir sem komu inn eftir úthlutun í vor
- Börn fædd 2019 – þar er búið að bjóða börnum pláss sem eru fædd í janúar, febrúar, mars, apríl og nokkur í maí. Yngstu börnin komast inn í leikskólann Brimver/Æskukot og það eru ekki allir foreldrar sem búsettir eru á Selfossi sem kjósa að sækja um pláss þar og því eru mögulega einhver börn fædd í mars og apríl sem ekki eru komin með leikskólapláss.

Í dag eru skráðir 527 nemendur í leikskólana og það á eflaust eftir að skrá einhverja inn sem eru að byrja í haust.

**Nýi leikskólinn, Goðheimar**, opnar 1. mars 2021. Gert er ráð fyrir að í fyrstu verði 3 deildir skólans teknar í notkun þá fyrir ca. 60 börn og svo verði 3 deildir til viðbótar teknar í notkun 1. ágúst 2021. Auglýst verður eftir leikskólastjóra fljótlega sem ráðinn verður frá 1. janúar 2021, m.a. til að auglýsa og ráða starfsfólk, sjá um innkaup á búnaði o.fl.

### Daggæsla í heimahúsum

Hjá dagforeldrum eru skráð 53 börn.

### Skólaþjónusta

Þar sem íbúum er að fjölga verulega og um leið börnum í leik- og grunnskólum er verið að leggja mat á þjónustuþörf skólanna en allt bendir til að þörf sé á að fjölga stöðugildum í skólaþjónustu. Ekki hefur verið um mikla aukningu að ræða frá stofnun skólaþjónustunnar árið 2014. Til viðbótar við mikla fjölgun nemenda á undanförunum árum hefur orðið á aukning á þjónustuþörf vegna hás hlutfalls nemenda með miklar sérþarfir en það hlutfall hefur hækkað að undanförunu. Einnig eru stjórnarsýslulegar kröfur að aukast v/skólamálanum og sinna þarf ýmsum verkefnum og fjölda erinda frá m.a. menntamálayfirvöldum og heilbrigðisstofnunum.

Selfossi, 14. ágúst 2020

Þorsteinn Hjartarson  
sviðsstjóri